

Nr. 10.
3. ágúst.

Lög

um viðauka við lög 1. ágúst 1914, um ráðstafanir til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir orðunum »framleiðendum« í 2. málsgr. 4. gr. komi:
eða öðrum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 3. ágúst 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.